

Guðmunda Erlendsdóttir

From: Andrés Ingi Jónsson <andresingi@dyravernd.is>
Sent: þriðjudagur, 21. janúar 2025 15:21
To: almannavarnir@almannavarnir.is; austurland@logreglan.is; mulathing@mulathing.is; Fjarðabyggð
Subject: Rýming hesthúsa á snjóflóðahættusvæði
Categories: Vistað í OneCRM; 2501138
One: -1

You don't often get email from andresingi@dyravernd.is. [Learn why this is important](#)

Til: almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á Austurlandi, sveitarstjórnar Fjarðabyggðar og sveitarstjórnar Múlapingis.

Dýraverndarsamband Íslands hefur vitneskju um að við rýmingu vegna snjóflóðahættu í Neskaupstað 19. janúar sl. hafi nokkur fjöldi hrossa verið skilin eftir innan rýmingarsvæðis. Með bréfi þessu er óskað upplýsinga um stöðuna frá þeim aðilum sem skipulögðu viðbrögð við snjóflóðahættunni og frekara samtals um það hvernig megi bæta verklag þannig að forða því að sambærilegar aðstæður komi upp.

Dýraverndarsambandið óskar þess að fá eftirfarandi upplýsingar:

- Hvernig boðum var komið til hestaeigenda á rýmingarsvæði og hver skilaboðin voru.
- Hversu margir eigendur komu hrossum sínum út af rýmingarsvæðinu og hvar þeim var komið fyrir.
- Hversu mörg hross voru eftir á rýmingarsvæðinu þegar rýming tók gildi.
- Hvernig stjórnvöld kortlögðu þá möguleika sem væru til að koma hrossum í hús utan rýmingarsvæðis.
- Hvaða úrræði stóðu til boða þeim eigendum sem áttu í vandræðum með að koma hrossum sínum í skjól utan rýmingarsvæðis.
- Hvort einhverjir eigendur hafi ekki sýnt vilja til að flytja hross af rýmingarsvæðinu og hvernig tekið hafi verið á þeirri stöðu.

Dýraverndarsamband Íslands hefur kallað eftir því að dýr séu skilgreind sérstaklega í lögum um almannavarnir og þeim bjargað strax og fólki hefur verið komið í öruggt skjól. Með því að kalla eftir framangreindum upplýsingum og eiga samtál til að læra af reynslu ykkar sem framkvæmdaaðila vonast félagið til að geta styrkt þann málflutning enn frekar.

Með bestu kveðju,
Andrés Ingi Jónsson,
framkvæmdastjóri,
Dýraverndarsamband Íslands.
892 5427 | andresingi@dyravernd.is